

Vannmat á stjörnunum

Í skemmtilegri frásögn skáldkonunnar Ragnheiðar Jónsdóttur, af heimsóku hennar hjá skáldinu M. A. Nexö, kom fram, að skáldið hefir í frægri sögu mjög vanmetið tölu stjarnanna. Því að hann segir, að í himingeimnum muni vera um 1500 milljónir sólna. Fyrir rúmri öld, þegar Sir John Herschel reyndi að telja stjörnurnar, komst hann að visu að þeirri niðurstöðu, að þær mundu vera um 30 milljónir. En nú komast menn ekki af með minna en 100.000 milljónir sólna í Vetrarbrautinni. Og þegar svo þess er gætt, að flestum þessara sólna fylgja jarðstjörnur, en þeim aftur tungl, má gera ráð fyrir að í Vetrarbrautinni skipti tala stjarnanna milljónum milljóna. Þó er þetta aðeins ör-litill hluti af þeim stjörnum, sem teki stjörnufræðinganna ná nú til. Meir en milljón stjörnuhvirlfinga er nú kunnugt um, sem líks eðlis eru og Vetrarbrautin. Er þar frægust hvirlfingin í stjörnumerkinu Andrómedu, sem er í hb. 950.000 ljósára fjarlægð frá jörðinni. Þetta er eina stjörnuhvirlfingin þeirrar

tegundar, sem liggja mjó héðan af jörðu sem litla ljósdila, ef skyggni er gótt. Og sjón þess sem horfir frá þær. Menn héldu lengi, að þessi Andromedu sólnavhirlfing eða vetrarbraut (sem mynd er af í Framnýal), væri mun minni en vor eigin, en betri tæki hafa sýnt, að svo er ekki.

Það er ekki einskisvert fyrir lífsskoðun vora, að í-huga mikilleika heimsins. Og heimurinn er alltaf að vaxa, eftir því sem þekking stjörnufræðinganna eykst. Og horfurnar þó á að hann eigi nú bráðlega fyrir sér að vaxa eins og aldrei áður. Það er nú þegar farið að rita mikið um hina nýju stjörnu-stöð á Palomarfjalli í Arizona í Bandaríkjunum, þar se mverður stjörnusjá miklu stærri en nokkur hefir verið áður. Er ástæða til að biða með mikilli eftirvæntingu töiðna af rannsóknum þar. Meðal annars fróðleiks sem menn vænta, er mjög aukin þekking á Andromedu vetrarbrautinni; og enn fremur, að tala þeirra sólnavhirlfinga eða vetrarbrauta, sem ljósmyndavélin með tilstyrk 200 þumlunga spegilsins getur náð til, muni komast upp í 100 milljónir.